


Fréttabréf STEFs | Desember 2020

NÝR SAMNINGUR VIÐ SPOTIFY

STEF hefur undirritað nýjan samning við Spotify í samráði og samstarfi við Polaris Music Hub (sem systursamtök STEFs í Noregi, Danmörku og Finnlandi standa sameiginlega að).

Hinn nýi samningur er frábrugðinn eldri samningi að því leyti að hann tekur til streymis íslenskra verka í öllum löndum Evrópu, þar með talið á Íslandi, en eldri samningur tók aðeins til Íslands.

Fyrir utan að tryggja aðeins hærra leyfisgjöld, þá verður reikningagerð og samkeyrsla gagna frá Spotify einfaldari og greiðslur munu berast hraðar og með öruggari hætti til réttihafa. Innheimta og bakvinnsla fyrir streymi allra Evrópulanda mun þannig berast STEFi frá einum aðila, NMP (sem annast bakvinnslu fyrir STEF og systursamtök STEFs í Noregi, Danmörku og Finnlandi), í stað þess að áður bárust streymisgreiðslur í gegnum hin ýmsu evrópsku systursamtök STEFs.



DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR 2020



Dagur íslenskrar tónlistar 2020 var haldinn hátíðlegur þann 1. desember. Að venju voru nokkrir aðilar heiðraðir við þetta tilefni, en athöfnin í ár var eðli málsins samkvæmt látlaus og fámenn. Fyrir aukna innlenda dagskrárgerð, miðlun tónlistar í samkomubanni og atfylgi við íslenska tónlist í sjónvarpi, hlaut **Sjónvarp Símans** viðurkenninguna „Gluggann“.


Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hlaut hvatningarverðlaun fyrir öfluga og metnaðarfulla dagskrá undanfarin ár. Þá hlaut Íslenska Bylgjan nýsköpunarverðlaunin í ár, en það er útvarpsstöð sem stofnuð var á árinu og eingöngu leikur íslenska tónlist.

Heiðursverðlunin, „Litla fuglinn“, hlaut **Jónatan Gardarsson**, fyrir framúrskarandi störf í þágu íslenskrar tónlistar í gegnum tíðina, meðal annars vandaða og metnaðarfulla dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi. Samkvæmt venju voru við athöfnina flutt þrjú íslensk sönglög; „Esjan“ eftir Bríeti Ísis Elfar og Pálma R. Ásgeirsson, „Tunglið, tunglið taktu mig“, eftir Stefán S. Stefánsson og Theodóru Thoroddsen og „Litill fugl“ eftir þá Sigfús Halldórsson og Örn Arnarson.

AÐALÚTHLUTUN 2020

Það er ánægjulegt að greina frá því, ekki síst í ljósi aðstæðna, að heildarúthlutun er hærra í ár en í fyrra. Tekjufall vegna veirufársins mun hins vegar koma fram á næsta ári og viðbúið að úthlutanir verði þá lægri.

Fyrir skömmu lækkaði stjórn STEF úthlutunarlágmark niður í 1.000 kr. Mun fleiri höfundar fá því greitt frá STEFi nú en nokkru sinni. Þess ber þó að geta, að í ýmsum tilvikum kemst úthlutun ekki á leiðarenda sökum skorts á bankaupplýsingum. Oftast er ástæðan sú, að viðkomandi hefur ekki (enn) gerst meðlimur í STEFi. Við hvetjum höfunda því til að skrá sig í STEF, en þannig verður best tryggt að úthlutanir komist á leiðarenda. Skráningu er hægt að ganga frá á vefsíðunni okkar (www.stef.is).



Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun úthlutana til rétthafa STEFs á undanförunum árum.

VERÐSKRÁ V. STREYMISTÓNLEIKA

Að gefnu tilefni er rétt að benda á, að STEF hefur tekið í gildi [sérstaka verðskrá er tekur til streymistónleika](#). Hún er tímabundin (gildir til mars 2021) og tekur mið af breyttum aðstæðum tónleikahaldara vegna COVID-19. Á vefsvæði STEFs er að finna útlistun og skýringar þar að lútandi. Við bendum tónleikahöldurum góðfúslega á að kynna sér verðskrána.

Um leið er rétt að minna bæði tónleikahaldara, flytjendur og höfunda að senda inn lagalista til STEFs vegna streymistónleika.

KEYCHANGE-SKULDBINDINGIN

STEF er samstarfsaðili Keychange-verkefnisins, sem gengur út á að auka hlut kvenna og annarra kyngerva í minnihluta í tónlist. Hluti af verkefninu er hin s.k. „Keychange-skuldbinding“ (e. Keychange Pledge), sem þátttakendur gangast undir, þar með talið STEF. Skuldbindingin hljómar svo:

STEF heitir því ...

... **að** regluverk og gjörðir samtakanna endurspegli fjölbreytileika meðlima þeirra.

... **að** gæta að jöfnu kynjavægi á tónleikum og viðburðum sem samtökin standa fyrir.

... **að** gæta að kynjavægi fyrirlesara eða pallborðspáttakenda á ráðstefnum og fyrirlesturum sem samtökin standa fyrir ein og sér eða í samstarfi við aðra.



... **að** tryggja konum og öðrum kyngervum í minnihluta aðgang að stuðnings- og styrkjakerfi samtakanna.

... **að** gæta að jöfnu kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og sjóðstjórnnum samtakanna, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

... **að** hvetja meðlimi til að hafa kynjajafnræði hugfast við kosningar sem samtökin standa fyrir.

DREGUR ÚR ÓLÖGLEGU NIÐURHALI

Samkvæmt nýrri skýrslu EUIPO Observatory kemur fram að evrópskur almenningur er neikvæðari en áður gagnvart ólöglegu niðurhali. Hlutfall svarenda sem viðurkenndi að stunda ólöglegt niðurhal lækkaði úr 10% í 8% milli kannana. Viðhorf gagnvart ólöglegu niðurhali og streymi eru einnig neikvæðari en áður. Frá 2013 hefur hlutfall Evrópubúa, sem er sammála því að það sé í lagi að nálgast stafrænt efni með ólöglegum leiðum ef það er til einkanota, fallið um 15% og um 10% frá síðustu könnun árið 2017. Könnunin nær ekki til Íslands, en gera má ráð fyrir að þróunin sé svipuð hér. [Hér má lesa nánar um niðurstöður.](#)

Starfsfólk STEFs þakkar samskiptin á árinu 2020 og óskar meðlimum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Haldið áfram að semja og efla andann ;-)